

KONUNGSBRJEF

5
4. maí

um

þingsuppsögn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem Vorum forsætisráðherra fyrir Ísland umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þá er þingið hefir lokið störfum sínum einhvern næstu daga.

Ritað á Amalúborg, 4. maí 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Til

herra Jóns Magnússonar, Vars forsætisráðherra fyrir Ísland,